

# Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2017

## Starfsemin

Eins og áður hefur verið unnið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð áhersla á að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan. Reynt er að hafa starfið sem fjölbreytilegast til að höfða til sem flestra. Einnig veitum við fjölskyldum skjólstæðingana mikinn stuðning í formi viðtala, fjölskyldufunda og bjóðum upp á aðstandendakynningar. Hér hefur verið mótað gott starf gegnum árin og skjólstæðingar og aðstandendur hafa sem fyrr verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið.

Á árinu 2017 nýttu 28 einstaklingar sér þjónustu Fríðuhúss, 20 konur og 8 karlar. Sjá frekari tölulegar upplýsingar varðandi starfsemina í meðfylgjandi skjali og þar sést líka samanburður milli ára. Það sem helst vekur athygli á liðnu ári er að meðalbiðtími eftir innskrift lengist og meðaldvalartími skjólstæðingana sem útskrifuðust á árinu hefur heldur lengst.

Fríðuhús var með tímabundið leyfi fyrir 18. einstaklinginn en í lok árs fékkst staðfesting á að það er orðið varanlegt þannig að varanleg leyfi er fyrir 18 einstaklinga.

Erfiðleikar voru í rekstri Fríðuhúss þetta árið og er það tilkomið af kröfu sem tveir fyrrum starfsmenn gerðu í kjölfar umferðarslyss sem þeir urðu fyrir á leið heim úr vinnu og reyndist ekki vera réttar tryggingar fyrir. Eins var einn starfsmaður í langvarandi veikindaleyfi megnið af árinu.

Leyfi fékkst frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar um hæsnahald í Fríðuhúsi og fengum við gefinn og uppsettan fínan hæsnakofa í lok árs og 4 landnámshænur. Ákveðið var að hafa hæurnar í fóstri fram yfir versta vetrarveðrið og eru þær væntanlegar í hús í lok mars 2018.

Keypt var tónlistarsmiðja af Magneu Tómasdóttur en hún kom í 11 skipti í Fríðuhús með undirleikara og hafði söngstund með skjólstæðingum og var mikil ánægja meðal skjólstæðingana með þetta námskeið

Vorum í samstarfi við Listasafn Ísland í tengslum við verkefni Halldóru Arnasdóttur um Listir og menningu sem meðferð: íslensk söfn og alzheimer. 4- 6 skjólstæðingar fóru ásamt 1-2 starfsmönnum og þeim aðstandendum sem

komust með á annað hvort Ásmundarsafn eða Kjarvalsstaði. Þar túlkaði listfræðingur ákveðin verk á staðnum og fékk skjólstæðingana til að túlka það sem þeim fannst um verkin. Gefandi og ánægjulegt samstarf sem vonandi heldur áfram .

Árlegur Basar í Fríðuhúsi var haldinn í október og heppnaðist mjög vel.

### **Starfsmenn**

Á árinu hættu tveir starfsmenn. Þroskaþjálfari sem var í 80 % vinnu hætti um mitt ár og sjúkraliða sem var í 100% starfi var sagt upp vegna skipulagsbreytinga. Í árslok starfa hér 5 starfsmenn í 4,4 stöðugildum sem er heldur færri stöðugildi en verið hefur og skýrist það af slæmri fjárhagsstöðu Fríðuhúss þetta árið.

Haldin var sameiginleg árshátíð með starfsfólki Maríuhúss og Drafnarhúss í nóvember

Starfsmenn hússins hafa sótt ýmsa fræðslu sem hefur verið í boði og allir starfsmenn fóru á málþing á vegum heilabilunareiningu LSH um heilabilunarsjúkdóma og nýjungar í umönnun heilabilaðra. Starfsdagarnir hafa verið nýttir í fræðslu auk þess sem starfsfólk hefur heimsótt aðra staði til endurskipulagningu á starfinu.

### **Utanaðkomandi þjónusta**

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti. Guðlaug Þórsdóttir og Jón Snædal, öldrunarlæknar hafa séð um hana. Læknir kemur í húsið x 1 í viku og höfum við aðgang að honum gegnum síma þess á milli.

Þrif: Hreingerningarfyrirtækið Sólar sér um þrifin og þrifið er x 3 í viku. Almenn ánægja er með þrifin.

Matur: Hádegismatur hefur verið keyptur frá Matborðinu en starfsmenn hússins hafa séð um morgunmat og miðdegiskaffi.

Akstursþjónusta: Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstursþjónustuna. Flestir nýta sér þessa þjónustu (71%) en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað.

Fótaðgerðarfræðingur kemur á 6 – 7 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en þeir borga sjálfir fyrir þá þjónustu

Hárgreiðslukona kemur x 1 í viku og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en greiða sjálfir fyrir þá þjónustu.

Sjúkrabjálfari kemur x 2 í viku og hefur sinnt 6 skjólstæðingum í heima sjúkrabjálfun sem greidd er af Tryggingarstofnun

## **Nemar**

Hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í kynningu bæði á haustönn og vorönn. Einnig komu nemar af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

## **Húsnæði**

Dagbjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af Alzheimersamtökunum.

## **Gjafir**

Einn skjólstæðingur gaf áskrift af Morgunblaðinu sem nýtist skjólstæðingunum vel til afþreyingar.

Einn skjólstæðingur gaf 65“ sjónvarp í lok árs

Oddfellowstúkan Snorri goði gaf hæsnakofa með uppsetningu og öllu tilheyrandi ásamt 4 landnámshænum.

Reykjavík 1. Mars 2018

---

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður Fríðuhús

---



